

## 9 Leikfang 1-3 ára

Mikilvægt er að ung börn fái að þraskast á því að setja hluti saman. Gott er fyrir eldri nemendur að skapa leikföng fyrir þau yngri og fá tilfinningu fyrir því að hlutir eru ekki gerðir til einskins og hafi tilgang.



**Aldurstig:** Elsta stig

### **Staðsetning**

Tímarnir fara fram í smíðastofunni. Áætlaður tími er 3-4 kennslustundir, þar sem hver kennslustund er 80 mínútur.

### **Markmið: Að nemandinn:**

- Að nemandi geti lesa einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Vera sjálfstæður í verki og fá þjálfun í iðjusemi og verkfærni.
- Að nemandi geti valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Geti yfirborðsmeðhöndlað efni með vatnsleysanlegum efnum

### **Heimavinna nemandans**

Nemendur fara inn á vefinn og leita af leikföngum fyrir 1-3 ára og skoða hugmyndir.

### Undirbúningur kennarans:

Hafa sýnishorn af verkefni og vera með vefsíður á hreinu sem hægt er að sýna nemendum hvar leikföng eru að finna sem smíða má í smíðastofunni og hvaða efniviður hentar best fyrir þetta aldurstig. Vera tilbúin með hæfilega mikinn efnivið í verkefnið. Verkfæri sem nota þarf í verkefnið. Vera búin að athuga verkfærin og laga þau ef þarf.

### Innsetning verkefnis

- Kennari útskýrir verkefnið og hvaða efniviður hentar best í leikfangið
- Hann sýnir nokkrar útgáfur á með skjávarpa eða að skrifa á töfluna.
- Kennari sýnir verkefni sem hann á tilbúið í smíðastofunni
- Nemendur hugstorma um leikfang fyrir 1-3 ára
- Kennari útdeilir efni þar sem nemendur fara að vinna við verkefnið.
- 

### Efni og áhöld

Efni	Áhöld
<ul style="list-style-type: none"><li>• Gegnheill viður</li><li>• Matarolía</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tifsög</li><li>• Pensill</li></ul>

### Smíði verkefnisins

54. Nemendur fá í hendurnar þann efnivið sem varð fyrir valinu
55. Teikna á efniviðinn teikninguna sem varð fyrir valinu
56. Sagað í tifsög
57. Pússað með sandpappír
58. Borið er á verkefnið matarolía

Myndir úr vinnuferlinu



Teikna á gegnheila viðinn

Sagað út með tifsög



Haldið áfram að saga í tifsög

Pússað með sandpappír



Saga munstur í leikfangið með tifsög



Matarolía borin í leikfangið

**Minnispunktur kennarans**

Hvernig gekk kennslan? Er eitthvað sem hefði mátt bæta eða lagfæra? Hvort markmiðum hafi verið náð? Hér má rita niður virkni nemenda í tímanum hér fyrir neðan.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Námsmat hjá kennara

Leiðsagnarmat þar sem áhugi, sjálfstæði og vandvirk vinnubrögð eru metinn.

Kennarinn gefur einkanir í bókstöfum A,B,C eða D

## Sjálfsmat nemenda

Nafn:

	A	B	C	D
Ég vinn vel í tímum				
Ég skipulegg vinnu mína vel				
Ég geng vel frá verkefnum				
Ég geng frá verkfærum og öðrum sem ég nota í smíðastofunni				
Ég er kurteis				
Ég vinn vel				
Ég er sjálfstæð/ur				
Ég er jákvæð/ur				
Hef áhuga á smíði				

Hvernig fannst þér verkefnið?